



ERINDISBRÉF

Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturbóla.

Stjórnskipuleg staða

Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturbóla heyrir undir sveitarstjórn Skaftárhrepps. Skv. 18. grein laga um málefni aldraðra nr.125/1999 skipa eigendur stofnana fyrir aldraða stjórn stofnunarinnar.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í rekstrarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011*. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu rekstrarnefndar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans. Nefndin kýs sér varaformann og ritara úr hópi nefndarmanna.

Kjörtímabil rekstrarnefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa á sveitarstjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Sama rétt eiga hjúkrunarforstjóri og fulltrúi starfsmanna Klausturbóla. Þá er heimilt að kalla til á fundi rekstrarnefndar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi rekstrarnefndar sé þess óskað.

Hlutverk og verksvið

Meginhlutverk rekstrarnefndar er að starfa í náinni samvinnu við hjúkrunarforstjóra og aðra starfsmenn heimilisins, að hafa yfirumsjón með rekstri heimilisins og móta stefnu fyrir starfsemi Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturbóla og sjá um að íbúum heimilisins sé veitt sú þjónusta sem best verður á kosið. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- ◆ að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um málefni er varða heimilið,
- ◆ að fylgjast með framkvæmd laga um málefni aldraðra sem og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- ◆ að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar,
- ◆ að fjalla um ástand húsnæðis heimilisins, undirbúa og gera áætlanir til sveitarstjórnar um úrbætur bæði fjárhagslegar áætlanir sem og verkáætlanir.
- ◆ að fylgjast með og stuðla að því að heimilið eigi aðgang að sérfræðipjónustu,
- ◆ að veita sveitarstjórn umsögn um ráðningu hjúkrunarforstjóra,
- ◆ að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda sveitarstjórnar Skaftárhrepps er fjallað í IV. kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Rekstrarnefnd kemur saman að minnsta kosti sex sinnum á ári. Skal gerð samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi í samráði við sveitarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum (varamönnum í forföllum aðalmanna) og öðrum sem seturétt eiga á fundum rekstrarnefndar. Boðun

funda skal fara fram með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Fundargerð seinasta fundar skal send með fundarboði.

Ritari færir fundargerð hvers fundar og er ábyrgur fyrir að hún sé lesin upp í lok fundar og staðfest af viðstöddum fundarmönnum. Fundargerð skal greina númer fundar, skv. talningu ákveðinni af sveitarstjórn, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sérstaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningum bréfa.

Rekstrarnefnd afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarbók eða beint í tölvu, en sérstaklega skal gætt ákvæða *Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps*. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar ef því er til að skipta. Formaður sér um að undirrituð fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Rekstrarnefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr rekstrarsjóði Klausturhóla fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Eftirfylgni

Rekstrarnefnd hefur með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi öldrunarmál sveitarfélagsins. Formaður og aðrir fulltrúar í rekstrarnefnd skulu snúa sér til sveitarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði rekstrarnefndar að framfylgja.

Réttindi og skyldur rekstrarnefndarmanna

Um réttindi og skyldur rekstrarnefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* eftir atvikum.

Rekstrarnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt, tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns nefndarinnar a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og lögum í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi rekstrarnefndar. Þá skulu þeir virða í hvívetna *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps*.

Nefndarmenn, starfsmaður nefndarinnar og aðrir sem fundi rekstrarnefndar sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu fyrir rekstrarnefnd og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 nefndarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó svo að látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Nefndarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal rekstrarnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega þó *lögum um málefni aldraðra nr.125/1999* og *lögum um heilbrigðisþjónustu 40/2007*. Þá skal nefndin fylgja *sveitarstjórnarlögum* og *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Skaftárhrepps* eins og hún er hverju sinni.